

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

933. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 24. janúar 2017 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður. Einnig sat fundinn Ingimar Sigurðsson varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Afgreiðslur:

- 1. Fulltrúar Vegagerðarinnar mæta á fundinn:** Gunnar H. Guðmundsson svæðisstjóri Akureyri, Guðmundur Heiðreksson deildarstjóri Akureyri, Heimir Gunnarsson tæknifræðingur Akureyri og Guðmundur Sigursson yfirverkstjóri Hvammstanga. Fyrir fundinum lá dagskrá og voru umræður m.a. um eftirfarandi mál: Vatnsnesveg og nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ástand brúa í Húnaþingi vestra, viðhald heimreiða, gatnamót Þjóðvegur 1 og Miðfjarðarvegur við Laugarbakka, lagfæring/stækkun plans við Norðurbraut, snjómokstur á leiðum skólabíla, og hraðakstur og speglar á Hvammstangabrautinni við hættuleg gatnamót. Á árinu 2018 eru skv. áætlun 200 milljónum í nýtt brúarstæði yfir Tjarnará á Vatnsnesi og ætti það að duga til að klára þá framkvæmd. Hönnun er komin af stað og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á næsta ári. Reikna má með að samgönguáætlun verði tekin upp í haust og þá líka 12 ára áætlun og mikilvægt að sveitarfélagið þrýsti áfram á stjórnvöld við þá vinnu um aukið fjármagn til málaflokksins. Prófanir eru framkvæmdar á brúm með reglulegu millibili. Alls eru skoðaðar um 300 brýr á ári. Ástand brúa í Húnaþingi vestra er talið ásættanlegt en verið að skoða ástand brúar yfir Kolugljúfur. Skv. samgönguáætlun var gert ráð fyrir að bæta í viðhald og þjónustu. Ný samþykkt fjárlög eru ekki alveg í samræmi við áætlunina en menn eru nokkuð bjartsýnir á að ef fjármagn helst óbreytt frá því sem nú er þá verði hægt að fara í eitthvað viðhald. Rætt um þörf á að plan við Norðurbraut verði stækkað m.a. vegna Strætó bs og þeim fjölda ferðamanna sem þar stoppar. Þá var umræða um snjómokstur á leið skólabíla, sérstaklega leið 68, sem hefst ekki fyrr en eftir að skóli hefst. Það mál verður tekið til skoðunar fyrir skólaárið 2017-2018. Rætt var um uppsetningu hraðamælitækja á þjóðvegum í þéttbýli. Fulltrúar Vegagerðarinnar voru sammála um að búnaður sem gefur frá sér merki ef farið er of hratt muni verða staðalbúnaður við bæjarhlið. Athuganir hafi sums staðar sýnt að slíkur búnaður hafi marktæk áhrif. Kostnaður við uppsetningu slíks búnaðar er mikill og hefur skortur á fjármagni hamlað því að búnaðurinn er ekki kominn upp víðar, m.a. í Húnaþingi vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:14:45

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg

Ingimar Sigurðsson

Guðný Hrund Karlsdóttir